



ÍPRÓTTABANDALAG
REYKJAVÍKUR

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis
Skrifstofa Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 20. febrúar 2019

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um endurgreiðslur til félagasamtaka til almannaheilla vegna mannvirkjagerðar og annarra framkvæmda. 149. löggjafarþing, 136.

Íþróttabandalag Reykjavíkur lýsir stuðningi við framkomið lagafrumvarp um endurgreiðslu til félagasamtaka til almannaheilla vegna mannvirkjagerðar og annarra framkvæmda. ÍBR vill þó vekja athygli á því að uppbygging íþróttamannvirkja í Reykjavík síðustu ár hefur að langmestu leyti verið á hendi Reykjavíkurborgar þ.e. félögin sjálf byggja ekki á sinn kostnað. Miðað við þessa tillögu myndu félögin í Reykjavík því ekki njóta góðs af þessu. ÍBR leggur því til að skoðað verði hvort hægt sé að finna leið til að tryggja að uppbygging mannvirkja sem sannanlega eru til almannaheilla njóti endurgreiðslu þó að formlegur eigandi sé ekki almannaheillafélag.

ÍBR er vill einnig hnykkja á orðalagi varðandi „aðrar framkvæmdir“. Það liggur fyrir að mannvirki sem nú eru í eigu félaga þurfa mörg á kostnaðarsömu viðhaldi að halda sem setið hefur á hakanum vegna fjárskorts. Það er því afar mikilvægt að slíkt stórviðhald falli innan ramma laganna.

Virðingarfyllst,
f.h. Íþróttabandalags Reykjavíkur

Frímarr Ari Ferdinandsson